

Danska 8.b

Kennarar: Trostan Agnarsson

Lýsing

Æfingar í því að lesa og hlusta á tungumálið.

Orðaforði aukinn með því að fara yfir sagnbeygingu, að gera talæfingar, að hlusta, að þýða og að skrifa.

Mynd og hljóðefni notað.

Grunnbókin er bókin Smart, lesbók og vinnubók. Einnig er stuðst við rafræna útgáfu málfraeðiritsins Grammatik.

Hlustunaræfingar sem fylgja bókinni Smart og myndefni eftir þörfum úr ýmsum áttum.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Til grundvallar liggur bókin Smart, lesbók og vinnubók. Í þeirri bók er að finna margs konar æfingar í lesskilningi, ritun og hlustun sem eru meginstef í náminu.

Einnig eru lesnir stuttir textar úr ýmsum áttum og gerðar æfingar í tengslum við þá, t.d. ritunaræfingar og samtalsæfingar.

Námið byggist á margs konar yfirferð, samvinnu, einstaklingsvinnu og utanbókarlærdómi þá fyrst og fremst á sögnum sem eru oft afar nauðsynlegar til þess að ná grunni í tungumálinu og nýtast einnig til þess að sjá tengingu við íslenskt mál.

Námsaðlögun

Hljóðbók af Smart er aðgengileg og er myndefni notað til hlustunar og til að vekja og viðhalda áhuga og ræður færni nemanda nokkru um það hvað verður fyrir valinu.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu. Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi: * Framúrskarandi √ Hæfni náð ∠ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar X Hæfni ekki náð Námsmat sem notað er sem lokamat er: A = Framúrskarandi B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða B = Góð hæfni og frammistaða Varmahlíðarskóli 2022-2023 C+ = Á góðri leið C = Sæmileg hæfni og frammistaða D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Danska 8.bekkur 2021-2022

- **Framvinda**
- Hæfnieinkunn (tákn)
- **Samantekt**

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.